





RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulag 2016-2028 - Breyting á afrétti



Breytt aðalskipulag Rangárbæings ytra.



Gildandi aðalskipulag Rangárbæings ytra.

SKÝRINGAR

ATVINNA

- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Miðlunarlón og stíflur
- Iðnaðarsvæði

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir á hálendi
- Landsvegir
- Slóðar
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Háspennulína 132-220 kV

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- Svæði á náttúruminjaskrá
- Hverfisvernd
- Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Friðlýstar fornminjar, ónákvæm staðsetn.
- Fornminjar undir hverfisvernd, ónákvæm staðsetn.

TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Sveitarfélagamörk

GREINARGERÐ

1. Inngangur

Með breytingunni er sett inn efnistökusvæði við Ferjufit. Skógræktar- og landgræðslusvæði, SL26, minnkar að sama skapi. Efni úr námunni verður nýtt til viðhalds á mannvirkjum á Þjórsár- Tungnaársvæðinu, einkum stíflum miðlunarlóna en í þær þarf sérvalið grjót af ákveðinni stærð. Slíkt grjót er vandfundið á svæðinu.

Gerð er breyting á greinargerð aðalskipulagsins og uppdrætti fyrir afrétt. Svæðið er lítt eða ógróið hraun og grjót og þar var tekið efni á byggingartíma Sultartangastíflu á árunum 1982-1984 og aftur 1996-1999. Náman er á svokölluðu Búrfellshrauni og er aldur þess um 3200 ár. Vistgerð á svæðinu er eyðihraunavist sem hefur lágt verndargildi.

Í gildandi aðalskipulagi er eftirfarandi markmið fyrir efnistökusvæði.

- Efnistaka fer ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.
- Lögð er áhersla á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

2. Breytingar á uppdrætti

Á aðalskipulagsuppdrátt er bætt inn 0,5 ha efnistökusvæði E122, milli Ferjufitar og Landvegjar.

3. Breytingar á greinargerð

Gerð er breyting á kafla 2.3.9 um efnistökusvæði. Í töflu yfir efnistökusvæði er bætt inn nýju svæði:

"E122 Ferjufit. Grjótnáma til viðhalds á mannvirkjum á Þjórsár-Tungnaársvæðinu. Áætluð efnistaka er allt að 10.000 m³. Stærð er allt að 0,5 ha".

4. Umhverfisáhrif

Svæðið er lítt eða ógróið og þar hefur verið tekið efni, m.a. til stíflugerðar, en ekki gengið frá svæðinu. Heppilegt grjót til viðhalds á stíflum miðlunarlóna er vandfundið á svæðinu en bryn þörf á efni til viðhalds mannvirkja í næsta nágrenni. Gert er ráð fyrir tímabundinni efnistöku og að gengið verði frá svæðinu þegar það er ekki í notkun og það aðlagð að landi umhverfis. Vanda skal umgengni á nýtingartíma námunnar og forðast allt óþarfa rask.


Undanfarin ár hefur verið unnið að skógrækt og landgræðslu hér og þar á stóru svæði umhverfis efnistökusvæðið. Engar framkvæmdir hafa verið í næsta nágrenni við efnistökusvæðið. Þó um sé að ræða hraunasvæði, sem nýtur verndar skv. 61 gr. laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) m.s.br., þá hefur efnistökusvæðinu verið raskað með efnistöku og lagður hefur verið vegslóði að því frá Landvegi. Staðurinn er skammt frá Landvegi en allt umhverfis er úfið hraun og sýnileiki því lítill frá Landvegi.

Þar sem efnistökusvæðinu hefur þegar verið raskað, sýnileiki er lítill og náman er stutt frá nýtingarstað efnisins þá eru umhverfisáhrif af efnistökkunni metin óveruleg.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem kynnt hefur verið samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbæings ytra 11.6.2020


Þingir Haraberg
RANGÁRÞINGI YTRA

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun 1/7/20


Þórunn Þórunn
SKIPULAGSSTOFNUN

Breytingin öðlast gildi með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda.



0 5 km

AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGIS YTRA

Efnistökusvæði við Ferjufit



Verk: 2146-017-11	Dags: 29.05.2020
Mkv. 1:100.000 í A3	Breytt:
Unnið: IS	Rýnt: ÁJ
Samþykkt:	